# ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN KAPLAKRIKA

## Byggingalýsing

### Byggingar á svæðinu eru auðkenndar á lykilmynd skv. eftirfarandi;

**A** - Núverandi félags- og búningsaðstaða á 1. hæð og stúkubygging með forsal og salernum á 2. hæð
**B** - Núverandi íþróttahús
**C** - Núverandi knattspyrnuhús (Risinn)
**D** - Ný búningsaðstaða (viðbót v/núv.), lyftingasalur og tenging við frjálsíþróttahús (**E**)á 1.hæð.
Ný stúkubygging (viðbót v/núv.) með forsal, aðalaðkomu, heildar félagsaðstöðu, afgreiðslu og aðstöðu fyrir starfsfólk á 2.hæð, auk tenginga á báðum hæðum við byggingu **A** og á 1. hæð við byggingu **B**
**E** - Nýtt frjálsíþróttahús.
**F** - Nýr yfirbyggður tengigangur milli bygginga **A** (á 1.hæð) og **C** (Risans)

### Viðbætur og breytingar á núverandi bygginum.

Eftirfarandi eru helstu breytingar á byggingu **A**, 1. hæð;
Núverandi félagsrými flyst í byggingu **D** og verður nýtt fyrir þvottahús, gönguleið að tengigangi að byggingu **C** og tvö salerni, aðgengileg fyrir fatlaða, sem þjónusta byggingu **C**. Núverandi starfsmannaaðstaða flyst í byggingu **D** og verður nýtt sem geymsla og tæknirými. Aðstaða vallarstjóra og afgreiðslu flyst í byggingu **D** og verður breytt í búningsherbergi með salerni og sturtum. Einnig verður einn af núverandi búningsklefum tekinn og innréttaður sem bað- og búningsaðstaða kennara (3 herb.) og bað- og búningsaðstaða dómara (2 herb.). Hluti af norðausturgafli er opnaður og tengist nýbyggingu (**D**).
Eftirfarandi eru helstu breytingar á byggingu **A**, 2. hæð;
Gluggar og hurðir við inngang á suðvesturhlið er skipt út og hurðarfjöldi aukinn um helming. Inngangur á norðausturhlið fjarlægður vegna tengingar við nýbyggingu **D**.
Eftirfarandi eru helstu breytingar á byggingu **A**, þakhæð/stúku;
Núverandi blaðamannaskýli er fjarlægt og stúkusæti sett í staðinn. Nýtt þak er sett yfir stúkusæti sem tengist sambærilegu þaki yfir stúku nýbyggingar **D**. Samtals 861 stúkusæti eftir breytingu.

### Nýframkvæmdir á svæðinu.

Ný félags-, búnings- og stúkuaðstaða (**D**) er byggð við núv. byggingu **A** til norðausturs. Nýbyggingin tengist einnig núv. íþróttahúsi (**B**) á 1. hæð og verður jafnframt tenging við nýtt frjálsíþróttahús (**E**) á suðausturhluta lóðarinnar. Einnig verður byggður tengigangur (**F**) milli byggingar **A** og **C**.

### Fyrirkomulag nýbyggingar D

**1. hæð;**
Á 1.hæð verða staðsettir 10 búningsklefar, allir með salernum, sturtum og þurrkaðstöðu. Tveir af klefunum verða nægjanlega stórir til að mæta alþjóðlegum keppnisstöðlum KSÍ. Suðvesturhluti hæðar myndar forsal sem tengist byggingu **A**. Úr forsal verður aðalútgönguleið á knattspyrnuvöll til norðvesturs og í tengigang að frjálsíþróttahúsi (**E**)og lyftingasal til suðausturs. Einnig tengist hann forsal 2. hæðar með stiga og lyftu, auk þess sem tengt er inn í núv. íþróttahús með tvöfaldri hurð. Ný salerni verða staðsett við forsal. Nýtt tæknirými með lagnakjallara verður staðsett milli frjálsíþróttahúss (**E**) og lyftingasalar.
**2. hæð;**
Nýr aðalinngangur fyrir íþróttamiðstöðina verður staðsettur á suðausturhlið. Úr honum er komið inn í forsal sem tengist byggingu **A** með skábraut. Inn af aðalinngangi/forsal verður afgreiðsla og aðstaða starfsfólks og forstöðumanns, geymslurými fyrir veitingasölu, salerni og inngangar í nýja stúku og félagsaðstöðu. Félagsaðstaðan samanstendur af fjölnotasal, eldhúsi, fundarherbergi og félagsherbergjum helstu deilda félagsins. Hægt er að skipta fjölnotasal í tvennt með fellivegg þar sem annar hlutinn verður einnig nýttur sem skylmingasalur. Á norðausturhlið verður inngangur sem fyrst og fremst er ætlað að þjónusta fjölnotasal. Við hlið inngangs er innbyggð sorpflokkunargeymsla. Lyfta gengur frá 1. hæð og myndar líka tengingu við þakhæð.
**Þakhæð/Stúka;**
Ný stúkubygging fyrir 1069 áhorfendur í sæti með tengingu við hellulagða þakplötu. Á þaki verður staðsett aðstaða fyrir stjórnarherbergi, blaðamenn og vallarstjóra. Lyfta gengur upp á þakhæð. Stúka verður með yfirbyggðu þaki sem tengist nýju þaki yfir eldri stúku. Samanlagt 1930 stúkusæti verða undir þaki eftir allar breytingar og viðbætur.

### Fyrirkomulag nýbyggingar E

**Frjálsíþróttahús** er einungis ætlað sem æfingar og keppnishús. Hlaupabrautir verða í fastri upphækkun til beggja enda og gert er ráð fyrir að hægt verði að setja upp bekki fyrir 200 áhorfendur á norðvesturhlið. Á sömu hlið verður einnig staðsettur tímatökupallur.

### Lóð og aðkoma

**Aðkoma** að íþróttamiðstöðinni og bílastæðum er flutt ca. 90m til austurs og staðsetning bílastæða breytt í samræmi við aðkomuna. Samtals 328 bílastæði verða innan lóðar. Aðkomustígur á suðurhluta svæðisins færist í skábraut sem liggur meðfram suðvesturgafli frjálsíþróttahúss og uppá aðkomutorg framan við aðalinngang íþróttamiðstöðvarinnar. Ökuleið fyrir þjónustu við sal íþrótta- og frjálsíþróttahúss verður meðfram norðausturgafli og suðausturhlið frjálsíþróttahúss. Sama leið verður notuð að 48 bílastæðum við suðausturhlið íþróttahúss (**B**). Gönguleiðir að inngangi suðvesturhliðar núv. byggingar (**A**) eru óbreyttar.
**Lóð** er að stórum hluta grassvæði. Bílastæði eru malbikuð og göngustígar og aðkomutorg hellulagt.

### Aðgengi

**Salerni** eru kynskipt og aðgengileg hreyfihömluðum á hverri hæð. Öll salerni í nýjum býningsklefum eru aðgengileg hreyfihömluðum. Allar dyr verða með a.m.k. 900 mm umferðarmál og þröskuldalausar. **Lyfta** er sniðin að hreyfihömluðum og búnaður hennar að þörfum sjónskertra. **Stigar og skábrautir** eru búin handlistum fyrir hreyfihamlaða. Skábrautir fyrir hreyfihamlaða hafa hallann 1:20 og stigar eru að öðru leyti hannaðir með þarfir hreyfihamlaðra í huga. Aðstaða fyrir hreyfihamlaða áhorfendur verður við hlið blaðamannastúku.

### Uppbygging og efnisval

**Burðarvirki** í byggingunni eru staðsteyptir veggir úr steinsteypu. Plata yfir kjallara og loftaplata eru að stærstum hluta forsteyptar holplötur með ásteypulagi. Stallar í stúku sem mynda þak yfir hluta efri hæðar eru gerðir með forsteyptum einingum. Aðrar plötur eru staðsteyptar. Burðarvirki skyggnis á stúkubyggingu verður úr stálsúlum og stálgrind með tilheyrandi stífingum. Burðarvirki þaks á frjálsíþróttahúsi verða kraftsperrur úr stáli sem hvíla á staðsteyptum súlum.
**Útveggir** eru einangraðir að innan og múrhúðaðir. Í einhverjum tilfellum verða útveggir undir jarðvegsyfirborði einangraðir að utanverðu. Áferð sýnilegra steyptra útveggja verður lituð sjónsteypa. Útveggir frjálsíþróttahúss ( **E**) verða einangraðir að utanverðu og klæddir loftræstri báraðri álklæðningu á álleiðarakerfi. Útveggir tengigangs **F** og léttra bygginga á þaki verða léttir veggir á stálgrind klæddir krossvið og sléttri loftræstri álklæðningu.
**Þök** verða einangruð að innanverðu klædd pappa eða dúk á ásteypulag þakplötu með vatnshalla min. 1:50. Á dúkinn kemur drenlag, filtdúkur, sandur og hellulögn. Á plötu yfir fjölnotasal og anddyri kemur malarfarg í stað hellulagnar. Þak skyggnis á stúkubyggingu verður klætt báruðu áli.
**Gluggar og útihurðir** verða settir í eftir að búið er að reisa húsið. Efni glugga og útihurða er ál.
**Milliveggir** í gangi og búningsklefum 1.hæðar verða hlaðnir úr vikursteini, múrhúðaðir og málaðir eða flísalagðir.
**Léttir milliveggir** eru úr 95 mm blikkstoðum sem klæddar eru með 2x13 mm gipsplötum hvoru megin og einangraðir með steinull. Heildarþykkt veggja er 150 mm nema annað komi fram á teikningum. Karmar **innihurða** eru úr stáli, en hurðaspjöld klædd m. harðplasti.
**Skilrúm** á snyrtingum og búningsklefum eru klædd með harðplasti.
**Innveggir** verða málaðir, með sléttri áferð, en veggir bak við tæki á snyrtingum verða lagðir keramískum flísum 200x200mm upp í hæð 2100mm.
**Gólf** á 1. hæð verða samskeytalaus epoxý iðnaðargólf.
**Gólf** í frjálsíþróttahúsi verður kerfisgólf fyrir frjálsíþróttahús frá Mondeo eða sambærilegt
**Gólf** á 2. hæð eru flísalögð að undanskildum fjölnotasal sem verður lagður viðurkenndu parketgólfi á lektugrind (íþróttagólf)
**Loft** eru ýmist klædd hljóðdempandi kerfisloftum, gipsplötum, eða hljóðdempandi Herakustik plötum. Loft verða máluð steinloft í geymslum og aukarýmum.
**Innréttingar** eru spónlagðar og helstu slitfletir klæddir m. harðplasti.
**Stigar og öll handrið** eru úr stáli, handlistar eru úr ryðfríum rörum.
**Hurðahúnar** og **búnaður á snyrtingum** er úr ryðfríu stáli.

### Tæknilegar lausnir

**Byggingarnar** er hitaðar upp með hitaveitu. Hitakerfi eru gólfhiti og ofnar.
**Loftræsing** verður vélræn í **D**-byggingu og náttúruleg í **E** og **F** byggingu. Inntök og tæknirými verða staðsett á 1. og 2. hæð.
**Fráveitukerfi** verður tengt við núverandi lagnakerfi lóðarinnar. Tæknikerfi verður tengt núverandi byggingum.
Hússtjórnarkerfi sem vaktar tæknikerfi verður í **D**-byggingu og tengt eldra lagnakerfi. Lagnaleiðir verða aðgengilegar til endurnýjunar og þjónustu og lagnaefni valin miðað við gildandi staðla og góðar venjur um öryggi og hagkvæmni.

**Heildarleiðnitap** byggingar verður innan marka Byggingarreglugerðar. Hámarks U-gildi byggingarhluta verða í samræmi við töflu í gr. 180.3 í Byggingarreglugerð.

## Samantekt brunavarna á teikningar

**Auk þeirra brunavarna sem sýndar eru myndrænt á aðaluppdrætti (afstaða, hólfun, flóttaleiðir, staðsetning útljósa o.fl.) komi eftirfarandi texti fram á teikningu:**

**Brunasamstæður**
Öll efri hæð þjónustubyggingar (forrými salir ofl.) ásamt forsal á neðri hæð og nýjum búningsklefum og lyftinga- og þreksal verða saman í brunasamstæðu. Eldri búningsklefar ásamt geymslum og tæknirýmum í eldri hluta verða í sér brunasamstæðu, en eldri íþróttasalur, knatthús, og frjálsíþróttahús verða í sér brunasamstæðum. Brunasamstæðuskil verða almennt með (R)EI90 veggjum og EI-CS60 hurðum.

**Brunahólfun**
Búningsklefar (bæði nýrri og eldri) verða í sér brunahóflum með EI-CS30 hurðum. Geymslur, þvottahús, tæknirými og ræstirými á 1. hæð í eldri hluta verða í sér brunahólfum með EI30-CS hurðum. Veggir í eldri hluta verða uppfærðir í EI60. Lyftinga-/þreksalur verður í sér brunahólfi með E30 veggjum að gangi og E-CS30 hurðum. Inntaksrými úðakerfis verður í sér brunahólfi EI60, sem er utangengt.

**Burðarvirki**
Burðarvirki eldri hluta er a.m.k. R60. Burðarvirki í nýbyggingu verða R60. Hæðaskil milli 1. og 2. hæðar og þak (að stúkusætum) verður REI60. Burðarvirki svala og stúka verða R60. Burðarvirki stiga verða A-R30. Burðarvirki í frjálsíþróttahúsi eru steinsteypt R60 upp í a.m.k. 9 m hæð, en óvarið stálburðarvirki þar fyrir ofan.

**Klæðningar**
Klæðningar lofta og veggja innanhúss verða í flokki 1 skv. DS 1065.2. Gólfefni verða almennt í flokki G skv. DS 1063.2. Yfirborð dýna skal vera úr tregbrennanlegu efni í samræmi við kröfur Brunamálastofnunar. Utanhúss klæðningar eru úr óbrennanlegum efnum í flokki 1 skv. DS 1065.2. Útveggir og þök eru einangruð með steinull og klædd málmplötum. Tjöld og dýnur verða úr tregbrennanlegum efnum skv SIS 650082.

**Flóttaleiðir**
Flóttaleiðir eru skv. teikningum. Hurðir í flóttaleiðum séu a.m.k. 90 cm breiðar (m.v. breidd hurðarblaðs). Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaátt (innan frá) án lykils eða verkfæra. Hurðir í flóttaleið frá samkomusölum (yfir 50 manns) skulu hafa panikslá skv. ÍST EN 1125.

**Út- og neyðarlýsing**
Í byggingunni verða Út-ljós og neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.

**Slökkvikerfi**
Öll efri hæð þjónustubyggingar ásamt forsal og lyftinga-/þreksal á neðri hæð verður varin með sjálfvirku vatnsúðakerfi. Sérstakir úðahausar verða innan við hurðir að nýjum búningsklefum. Kerfið er hannað skv. reglugerð um vatnsúðakerfi og Evrópustaðli ÍST EN 12845 ásamt tilheyrandi fylgiritum. Inntaksrými er á austurgafli efri hæðar með aðkomu utan frá. Inndælingarstútur og vatnsbjalla úðakerfis verður á útvegg við inntaksrýmið.
Háfar í eldhúsi verða með sjálfvirku slökkvikerfi viðurkenndu af Brunamálastofnun.

**Brunaviðvörunarkerfi**
Í allri byggingunni er brunaviðvörunarkerfi samkvæmt reglum Brunamálstofnunar og ÍST EN54. Seinkun á boðum verður milli svæða. Núverandi kerfi verður stækkað þannig að það nái til allra bygginganna. Brunastöð kerfisins vaktar úðakerfið og sendir boð frá því á viðurkennda vaktstöð.

**Handslökkvibúnaður**
Slöngukefli verða í byggingunni, sem ná út í öll horn. Í frjálsíþróttsal verða 50 m slöngur á vögnum. Handslökkvitæki verða staðsett nálægt slöngukeflum.

**Reyklosun**
Reyklosun verður frá frjálsíþróttahúsi með tveimur 2,0 m2 reyklúgum (samtals 4 m2). Reykræsingin verður sjálfvirk og þarf tvo reykskynjara í frjálsíþróttasalnum til að opna hana, en slökkviliðið getur einnig opnað lúgurnar með hnappi við brunaviðvörunarkerfisstöð. Innloft kemur um dyr sem slökkvilið opnar eftir þörfum.

**Loftræsikerfi**
Byggingin er loftræst með vélrænni loftræsingu. Lofræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk í bruna. Þannig skal frá þeim gengið að þau rýri ekki brunahólfun né stuðli að útbreiðslu reyks. Bruna- og reyklokur verða í brunasamstæðuskilum og að flóttaleiðum (göngum). Loftinnblástur skal stöðvast og reyklokur loka við reykboð frá loftinntaki eða frá brunaviðvörunarkerfi.

**Viðhald brunavarna**
Samkvæmt lögum ber húseigandi ábyrgð á brunavörnum í húsi sínu og að þær hljóti reglubundið eftirlit og viðhald. Notkun hússins þarf að vera í samræmi við þær forsendur sem hönnunin gerir ráð fyrir. Endurskoða verður hönnunina ef breyting verður á notkun eða skipulagi hússins í framtíðinni. Skylt er að gera þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á vatnsúðakerfi og brunaviðvörunarkerfi. Gert er ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur um viðhald á neyðarlýsingu, brunaslöngum, handslökkvitækjum og reykræsibúnaði (reyklúgum og opnunarbúnaði). Setja skal up eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir Kaplakrika í samræmi við "reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði".

**Sjá nánar um brunavarnir í skýrslu Línuhönnunar verknr. VS06KK.**

BRUNATÁKN:

| | |
|---|---|
| 1x1,5 m Opnast við brunaboð | Reyklosun |
| BO | Björgunarop |
| EI 60 | Veggir og hæðarskil með merktri brunamótstöðu. |
| A-EICS-60 | Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. |
| ÚT | Merktur útgangur. |
| 30 m | Brunaslanga. |
| R | Reykskynjari. |
| P | Neyðarslá |
| ! | Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis. |
| | Loftræstiherbergi. |
| | Varðloki úðakerfis |
| | Tvíburatengi úðakerfis |

ATH.
ÚT- og neyðarlýsing er í öllum rýmingarleiðum og allar klæðningar eru í fl. 1. Þakdúkur skal vera í fl. T.

Með aðaluppdráttum fylgir einnig skýrsla brunahönnuðar Böðvars Tómassonar hjá Línuhönnun.

SKÝRINGAR:

LR: Loftræst rými
GN: Gólfniðurfall
ÞN: Þakniðurfall
RV: Inntak Rafveitu
HV: Inntak Hitaveitu
VV: Inntak vatnsveitu
S: Inntak síma
G: Kóti á lóðarmörkum á frágenginni götu
L: Kóti á milli lóða eða opinna svæða (leiðbeinandi)
: Reiknuð hæð á yfirborði gólfa og gönguleiða

Steinsteyptir burðarveggir
Gipsplötuveggir
Hlaðnir og múrhúðaðir veggir

ATH.
-Staðsteyptir veggir eru 200 mm nema annað sé málsett á teikningum.
-Milliveggjaþykktir eru 150 mm nema annað sé málsett á teikningum.

Heildarleiðnitap bygginar verður innan marka Byggingareglugerðar.
Hámark U-gildi byggingarhluta verður í samræmi við töflu í gr. 180.3 í Byggingareglugerð.

Sambykkt þann
15 ÁG. 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

Upprunalegurhöfundur: ASK




Lykilmynd mkv: 1:2000

| Hús | Matshluti |
|---|---|
| A | 03 |
| B | 04 |
| C+F | 05 |
| D | 06 |
| E | 07 |

26/4 '07

Fasteignafélag Hafnarfjarðar
**Íþróttamiðstöðin Kaplakrika**

**0604-A**

Landnúmer: 121342
Stgr. 48001000

**AÐALUPPDRÁTTUR**
BYGGINGARLÝSING OG LYKILMYND

**(99)-A03-001**

MKV.: 1:2000
TEIKNAÐ: SE/AMT/BSS/JBE
ÚTGÁFA DAGS: 16.04.2007
STOFN. DAGS: 21.08.2006

**ÚTGÁFA 00**


**Jón Ólafur Ólafsson FAÍ**
kt: 090658-4089
**Sigurður Einarsson FAÍ**
kt: 110457-2789
**Sigurður Harðarson FAÍ**
kt: 030446-3999

BATTERÍIÐ ARKITEKTAR
kt: 521291-1259
Trönuhrauni 1
220 Hafnarfirði
S: 54 54 700 F: 54 54 701
Netfang: batteri@arkitekt.is
Heimasíða: www.arkitekt.is



© BATTERÍIÐ EHF
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA